

**Sþ. 374. Tillaga til þingsályktunar [140. mál]**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir Loftleiðir h/f til flugvéla-kaupa.

Frá fjármálaráðherra.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að aðstoða Loftleiðir h/f við kaup á tveimur millilandaflugvélum með því að veita ríkisábyrgð fyrir erlendu láni, er jafngildi allt að 70% af kaupverði flugvéla, þó eigi hærrí fjárhæð en 53 milljónum króna eða jafngildi þeirra í erlendri mynt. Ríkissjóður fái 1. veðrétt í vélunum og að öðru leyti þær tryggingar, er ríkisstjórnin metur gildar.

**Greinargerð.**

Loftleiðir h/f á þess nú kost að festa kaup á tveimur flugvélum af gerðinni „Electra“ L-188. Telja forráðamenn félagsins vélar þessar mjög fullkomnar og að þær muni henta vel á flugleiðum yfir Norður-Atlantshaf. Flugfélög stórbjóðanna leggja nú allt kapp á að sigrast á samkeppni smáþjóða með því að taka í notkun stærri flugvélar og fullkomnari um alla tækni og auk þess hagkvæmari í rekstri en þær vélar, sem smærri félögin ráða nú yfir. Er vonlaust, að íslenzku flugfélögin geti haldið velli í þessari samkeppni, nema þeim takist að endurnýja flugvéla- kost sinn og eignast vélar, sem fullnægja þeim kröfum, sem gerðar eru á hverjum tíma til slíkra farartækja.

Ríkisstjórninni er þetta ljóst og vill fyrir sitt leyti styðja að því að efla flugvéla- kost íslenzku flugfélaganna. Fer ríkisstjórnin því með þingsályktun þessari fram á heimild Alþingis til þess að veita Loftleiðum h/f ríkisábyrgð á nauðsynlegum lánum, til þess að framangreind flugvéla-kaup geti tekizt.